

Menntamálaráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Menntamálanefnd Alþingis**
Sendandi: **Menntamálaráðuneyti**
Dagsetning: **16.02.2007**
Málsnúmer: **MMR05110247**
Bréfalykill: **3.22**

Efni: **Upplýsingar um samstarfssamning menntamálaráðuneytisins, Rannsóknar og greiningar ehf. og Háskólans í Reykjavík um rannsóknaráætlun vegna æskulýðsrannsókna.**

Á fundi starfsmanna menntamálaráðuneytis með menntamálanefnd Alþingis 8. febrúar 2007 fóru nefndarmenn fram á að menntamálaráðuneytið gerði grein fyrir samstarfssamningi ráðuneytisins við fyrirtækið Rannsóknir og greiningu ehf. Verður hér gerð grein fyrir efni samningsins. Jafnframt verður greint frá samstarfssamningi ráðuneytisins til fjögurra ára við sveitarfélögin Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð, Rannsóknir og greiningu ehf. og Háskólann í Reykjavík, sem undirritaður var hinn 31. mars 2006.

1. Þann 10. febrúar 2006 gerðu menntamálaráðuneytið, Rannsóknir og greining ehf. og Háskólinn í Reykjavík með sér samstarfssamning um rannsóknaráætlun vegna æskulýðsrannsókna *Ungt fólk* á árunum 2006 til 2010. Í samningnum er kveðið á um að Rannsóknir og greining ehf. framkvæmi spurningalistakannanir er nefnast *Ungt fólk*, meðal nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum á landinu árin 2006, 2007, 2009 og 2010. Rannsóknirnar eru unnar meðal þriggja aldurshópa: í 5., 6. og 7. bekk í grunnskóla, í 8., 9. og 10. bekk í grunnskóla og meðal framhaldsskólanema. Rannsóknaráætlun áráanna 2006 til 2010 gerir ráð fyrir að sama fyrirkomulag verði á rannsóknunum *Ungt fólk* og verið hefur allt frá árinu 1992, þ.e. að spurningalistar verði lagðir fyrir alla nemendur í þeim aldurshópum sem samkomulagið nær til, í öllum skólum landsins á sama tíma.

Í samningnum er kveðið nánar á um verkefni Rannsóknar og greiningar ehf. og Háskólans í Reykjavík gagnvart ráðuneytinu, þ.e. að afhenda ráðuneytinu ítarlegar upplýsingar úr hverri rannsókn um menntun, menningu, tómstundir, íþróttaiðkun, félagsstarf, framtíðarsýn, líðan og viðhorf nemenda til einstakra mála. Auk þessara upplýsinga getur ráðuneytið óskað eftir öðrum upplýsingum samkvæmt nánara samkomulagi fyrir hverja rannsókn.

Við undirbúning að gerð spurningalista fyrir hverja rannsókn munu Rannsóknir og greining ehf. hafa samráð við menntamálaráðuneyti, íþrótta- og æskulýðsdeild, þar sem ráðuneytið getur komið með ábendingar og viðbótaspurningar um menntun, menningu, tómstundir, íþróttaiðkun, félagsstarf, framtíðarsýn, líðan og viðhorf til einstakra mála. Gert er ráð fyrir að við skil á upplýsingum úr hverri rannsókn komi einnig fram samanburður við niðurstöður úr fyrri rannsóknnum um *Ungt fólk* eftir nánara samkomulagi við menntamálaráðuneytið. Þá er gert ráð fyrir að Rannsóknir og greining ehf. hafi náði samstarf og samráð við skólastjórnendur og kennara við hverja rannsókn eftir því sem aðstæður leyfa við undirbúning og fyrirlögn spurningalistanna. Rannsóknnum og greiningu ehf. er gert að halda fjóra

kynningarfundu um niðurstöður hvefrrar rannsóknar í samráði við ráðuneytið.

Í samningnum er kveðið á um að hlutverk Háskólans í Reykjavík verði að stuðla að því: að nemendur í meistaranámi vinni með niðurstöður úr rannsóknunum *Ungt fólk*, að nemendur til doktorsnáms vinni með niðurstöður úr rannsóknunum *Ungt fólk*, að Háskólinn í Reykjavík og Rannsóknir og greining ehf. vinni sameiginlega að því að unnið sé með og fjallað um niðurstöður úr rannsóknunum *Ungt fólk* í fjölmiðlum og fagtímaritum, að Háskólinn í Reykjavík, Rannsóknir og greining ehf. og menntamálaráðuneyti standi árlega fyrir ráðstefnu, málþingi eða fundum um æskulýðsrannsóknir, bæði innlendar og erlendar.

Menntamálaráðuneyti greiðir Rannsóknnum og greiningu ehf. styrki vegna fjögurra kannanna um *Ungt fólk* í grunnskólum og tveggja kannanna um *Ungt fólk* í framhaldsskólunum sem hér segir:

Ungt fólk 2006 , meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum.

Ungt fólk 2007 , meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum

Ungt fólk 2009 , meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum

Ungt fólk 2009 , meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum

Ungt fólk 2007 , meðal nemenda í framhaldsskólum

Ungt fólk 2010 , meðal nemenda í framhaldsskólum.

Ráðuneytið greiðir Rannsóknnum og greiningu ehf. samtals styrk að upphæð 12.800.000 kr. vegna framangreindra rannsókna, sundurliðað sem hér segir:

Árið 2006 – 1.800.000 kr.

Árið 2007 – 4.300.000 kr.

Árið 2009 – 4.000.000 kr.

Árið 2010 – 2.700.000 kr.

2. Menntamálaráðuneytið, sveitarfélögin Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð, Rannsóknir og greining ehf. og Háskólinn í Reykjavík gerðu með sér samstarfssamning til fjögurra ára hinn 31. mars 2006. Samningurinn var undirritaður á Egilsstöðum af menntamálaráðherra, þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, fulltrúum sveitarfélagana Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar, Rannsóknar og greiningar ehf. og Háskólans í Reykjavík.

Markmið samningsins er að styrkja faglegan grundvöll stefnumótunar í málefnum ungs fólks í sveitarfélögunum Fljótsdalshéraði og Fjarðabyggð, auka virði samfélagsins gagnvart börnum og unglíngum og auka virka þátttöku þeirra í samfélaginu. Ein af meginleiðum að þessum markmiðum er úrvinnsla úr reglubundnum rannsóknnum um *Ungt fólk*, sem menntamálaráðuneytið og Rannsóknir og greining ehf. hafa unnið á högum barna og unglínga á aldrinum 10 til 20 ára. Niðurstöður úr þeim rannsóknnum eru verkfæri fyrir þá sem starfa að málefnum barna og ungmenna svo laga megi stefnumótun að mikilvægustu málefnum hvers tíma. Þróun hinna ýmsu félagslegu þátta verður mæld og borin saman yfir tíma svo hægt sé að meta breytingar innan sveitarfélaganna. Góður árangur verkefnisins byggist á náinni samvinnu allra þeirra, bæði fagfólks og annarra, er koma að málefnum barna og ungmenna í sveitarfélögunum.

Í samstarfssamningnum er hlutverk Rannsóknar og greiningar ehf. að vinna upplýsingar um félagslega þætti meðal ungmenna úr rannsókninni *Ungt fólk 2003* grunnskólar, 9. og 10. bekkur og úr rannsókninni *Ungt fólk 2004* sem gerð var meðal framhaldsskólanema. Markmið þeirrar vinnu er að bæði sveitarfélögin fái þegar mynd af stöðu málefna meðal ungmenna árin 2003 og 2004 sem síðan verða samanburðarhæfar við upplýsingar þeirra rannsókna sem á eftir koma. Helstu þættir sem fram koma eru um tengsl við skóla, stuðning og samskipti við forelda og vini, vímuefnaneyslu og aðra frávíkshæðun, áhrif jafningjahópsins, íþrótt- og tómstundaiðkun og fleira sem varpað getur ljósi á mismunandi aðstæður ungmenna eftir bæjarfélögum.

Kennslu- og lýðheilsufræðideild Háskólans í Reykjavík vinnur að undirbúningi verkefnisins og eftirfylgni. Markmiðið er að nemendur deildarinnar geti, undir leiðsögn prófessora við deildina, unnið með sveitarstjórnunum að stefnumótun í ákveðnum málaflokkum er snerta ungt fólk og unnið verkefni sem beint nýtast í starfi sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin Fjarðabyggð og Fljótshálsaþéttvangur fá afhenta ítarlega greinargerð úr rannsóknunum *Ungt fólk*, svo sem kveðið er á um í samstarfssamningi menntamálaráðuneytis, Rannsóknar og greiningar ehf. og Háskólans í Reykjavík, dags. 10. febrúar 2006. Rannsóknir og greining ehf. vinna sérstaka grunnúrvinnslu úr hverri rannsókn sem skilað er til bæjarstjóra í hvoru sveitarfélagi, menntamálaráðuneytis og Háskólans í Reykjavík. Niðurstöðurnar verða í lýsandi aðgengilegu myndrænu formi, en auk þess skilað rafrænt. Gerður er tölulegur samanburður milli landsmeðaltals annarsvegar, Fjarðabyggðar og Fljótshálsaþéttvangs (í tvennu lagi) hinsvegar. Rannsóknir og greining ehf. kynna niðurstöður hverrar úrvinnslu á tveimur fundum, annars vegar í Fjarðabyggð og hinsvegar á Fljótshálsaþéttvangi.

Sveitarfélögin Fjarðabyggð og Fljótshálsaþéttvangur greiða vegna samstarfssamningsins sem hér segir:

	Fjarðabyggð	Fljótshálsaþéttvangur
Árið 2006	400.000 kr.	400.000 kr.
Árið 2007	450.000 kr.	450.000 kr.
Árið 2008	500.000 kr.	500.000 kr.
Árið 2009	500.000 kr.	500.000 kr.
Árið 2010	550.000 kr.	550.000 kr.

Þá greiðir menntamálaráðuneytið 2.000.000 kr. með jöfnum árlegum greiðslum vegna samningsins.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin myndi samstarfshóp þeirra er starfa að málefnum barna og ungmenna á hvorum stað s.s. frá félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu, skóla, kirkju, Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands, æskulýðssamtökum og öðrum þeim er að málum koma. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarfélögin tilkynni skólastjórnendum um samninginn og liðki fyrir fyrirlögn spurningalista í skólum þeim sem um ræðir, verði þess þörf. Samningsaðilar hafa tilnefnt tengiliði af allra hálfu vegna samstarfsins og skulu þeir bera ábyrgð á samskiptum og upplýsingastreymi milli aðila, halda fundi eins og þurfa þykir og upplýsa samstarfsfólk á hvorum stað um framgang verkefna.

Vænst er mikils af þessu verkefni fyrir alla samningsaðila, ekki síst fyrir sveitarfélögin, þar

sem nú eiga sér stað miklar umbreytingar og er ekki síst líklegt að þær hafi áhrif á börn og ungmenni og því er mikilvægt að bregðast strax við ef eitthvað kemur í ljós sem gefur til kynna frávik. Á fundum fulltrúa menntamálaráðuneytis með sveitarstjórnarmönnum í sveitarfélögunum Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði kom upp þessi hugmynd um samstarf, sem nú er orðin að veruleika.

3. Af gefnu tilefni skal tekið fram að menntamálaráðuneytið hefur í tvígang staðið fyrir og greitt fyrir að tekið var saman yfirlit um unglingarannsóknir, fyrst árið 1991. Það yfirlit bar heitið *Athuganir á íslenskum unglimum 1970 til 1990*. Yfirlitið unnu þau Guðríður Sigurðadóttir, Hrönn Jónsdóttir og Þóroddur Bjarnason. Árið 2003 var Elín Þorgeirsdóttir fengin til að taka saman yfirlit um íslenskar unglingarannsóknir. Sú samantekt náði til árunna 1991 til 2002. Í þeirri útgáfu var yfirlitið frá 1991 sett með sem viðauki.